

**Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins**  
09 986

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins  
kt. 680981-1759  
Borgartúni 7, 105 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um Jarðasjóð. Jarðasjóði ríkisins er heimilt að kaupa jarðir skv. sérstökum heimildum sem fram koma í lögum um sjóðinn, m.a. vegna almennra útilífsnota.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Jarðasjóður heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Jarðeignir ríkisins heyra hins vegar undir Ríkiseignir sem f.h. ráðuneytisins annast útleigu og daglegt utanumhald ríkisjarða. Jarðeignir eru eignfærðar hjá ríkissjóði. Mikilvægt er að virði ríkisjarða í ríkisreikningi sé endurmetið í ljósi þess að virði landbúnaðarjarða í fasteignaskrá byggir ekki á markaðsforsendum. Unnið er að heildarmati út frá eiginleikum jarða í samstarfi við Ríkiseignir og Þjóðskrá. Í ársreikningi þessum er jafnframt ekki gerð grein fyrir áætlaðri heildarskuldbindingu Jarðasjóðs vegna kaupskyldu ríkisins á eignum ábúenda í samræmi við ábúðarlög. Í gildi eru um 109 ábúðarsamningar og má áætla að heildarskuldbinding ríkisins sé um kr. 2,75 milljarðar við að leysa til sín eignir ábúenda á jörðunum ákveði þeir að bregða búi.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 115,1 milljónir og afkoma kr. -23,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -60,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 857,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jarðasjóðs og jarðeigna ríkisins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis,

Hrafn Hlynsson,  
(undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	(2.300.000)	(2.300.000)
Aðrar tekjur .....	3	<u>117.357.595</u>	<u>113.011.479</u>
<b>Tekjur samtals</b>		115.057.595	110.711.479
<b>Gjöld</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....	4	<u>138.923.977</u>	<u>147.823.886</u>
<b>Gjöld samtals</b>		138.923.977	147.823.886
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(23.866.382)	(37.112.407)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld .....		<u>(11.314)</u>	<u>(7.550)</u>
		(11.314)	(7.550)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(23.877.696)</u></u>	<u><u>(37.119.957)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Fasteignir .....		46.675.992	46.675.992
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>46.675.992</u>	<u>46.675.992</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		59.046.194	10.162.992
Tengdir aðilar .....	6	716.594.490	594.682.664
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		35.373.158	26.419.137
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>811.013.842</u>	<u>631.264.793</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>857.689.834</u></u>	<u><u>677.940.785</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	7		
Hrein eign .....		(60.819.808)	(74.062.069)
Bundið eigið fé .....		506.315.241	506.315.241
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>445.495.433</u>	<u>432.253.172</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	6	4.905.032	2.913.156
Viðskiptaskuldir .....		814.912	0
Ýmsar skammtímaskuldir .....		50.000.000	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	8	356.474.457	242.774.457
<b>Skuldir samtals</b>		<u>412.194.401</u>	<u>245.687.613</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>857.689.834</u></u>	<u><u>677.940.785</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	9		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(23.877.696)	(37.119.957)
		(23.877.696)	(37.119.957)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(57.837.223)	2.578.604
Tengdir aðilar .....		30.900.007	35.136.453
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		50.814.912	(595.100)
		23.877.696	37.119.957
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	5	0	(6.675.992)
		0	(6.675.992)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		0	6.675.992
		0	6.675.992
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		0	0
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af leigu eigna.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Jarðir ..... óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	(2.300.000)	(2.300.000)
	<u>(2.300.000)</u>	<u>(2.300.000)</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	(2.300.000)	0	(2.300.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>(2.300.000)</b>	<b>0</b>	<b>(2.300.000)</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(21.577.696)	0	(21.577.696)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(23.877.696)</b>	<b>0</b>	<b>(23.877.696)</b>

	2021	2020
<b>3 Aðrar tekjur</b>		
Eignatekjur .....	112.761.835	109.054.849
Veiðileigutekjur .....	4.595.760	3.956.630
	<u>117.357.595</u>	<u>113.011.479</u>

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	0	229.400
Sérfræðiþjónusta .....	14.383.786	16.237.784
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	350	0
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	391.023	128.318
Verkkaup .....	0	1.023.000
Kostnaðarhlutdeild .....	118.182.563	129.955.883
Tryggingar, lögboðnar .....	0	29.021
Opinber gjöld .....	3.360.428	33.680
Tapaðar kröfur .....	2.605.827	186.800
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>138.923.977</u>	<u>147.823.886</u>

**31.12.2021**      **31.12.2020**

### 5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Jarðir .....	46.675.992	46.675.992
	<u>46.675.992</u>	<u>46.675.992</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Jarðir
Staða 01.01.2021 .....	46.675.992
Viðbætur á árinu .....	<u>0</u>
	46.675.992
Afskriftir 01.01.2021 .....	0
Afskrift ársins .....	<u>0</u>
	0
Staða 31.12.2021 .....	<u>46.675.992</u>

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 6 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	716.594.490	594.682.664
	<u>716.594.490</u>	<u>594.682.664</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	4.905.032	2.913.156
	<u>4.905.032</u>	<u>2.913.156</u>

### 7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign	Hrein eign	Bundið eigið fé	31.12.2021	31.12.2020
Jöfnuður 1.1. ....	(74.062.069)	506.315.241	432.253.172	308.376.331
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs skv. ákvörðun FJR .....	37.119.957	0	37.119.957	160.996.798
Afkoma ársins .....	(23.877.696)	0	(23.877.696)	(37.119.957)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(60.819.808)</u>	<u>506.315.241</u>	<u>445.495.433</u>	<u>432.253.172</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 506,3 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

### 8 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talda fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

31.12.2021 31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	46.675.992	46.675.992
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	309.798.465	196.098.465
	<u>356.474.457</u>	<u>242.774.457</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	46.675.992	196.098.465	242.774.457
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	113.700.000	113.700.000
	<u>46.675.992</u>	<u>309.798.465</u>	<u>356.474.457</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 9 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samninga.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.